

Skátaþing 2008

Inn í nýja skátaöld

Laugardagur 5. apríl 2008 kl. 09:45 í Verkmenntaskólanum á Akureyri

Setning Skátaþings 2008

Margrét Tómasdóttir, skátahöfðingi, setti Skátaþing 2008 og flutti erindi um starfið á liðnu ári í máli og myndum.

Minntist þeirra sem látist höfðu á árinu og þá sérstaklega Aðalsteins Júlíussonar, fyrrum erindreka BÍS. Það þingheim að rísa úr sætum og votta þeim virðingu sína.

Þá flutti hún kveðjur frá Sigurgeiri Guðmundssyni, formanni Slysavarnafélagsins Landsbjargar, Eszter Toth í alþjóðaráði og Páli Gíslasyni, fyrrverandi skátahöfðingja, sem lét það jafnframt fylgja með að hann ætlaði að mæta á Landsmót í sumar.

Ávörp:

Kristján Þór Júlíusson, alþingismaður og bæjarfulltrúi á Akureyri, flutti kveðjur og árnaðaróskir frá Akureyrabæ og óskaði skátum velfarnaðar í starfinu. Bauð skáta velkomna á Landsmót skáta að Hömrum í sumar.

Kosning fundarstjóra og fundarritara

Þorsteinn Pétursson í Klakki kjörinn fundarstjóri og Þóra Guðnadóttir í Garðbúum fundarritari.

Inntaka nýrra skátafélaga

Tvö ný skátafélög voru formlega tekin í Bandalag íslenskra skáta. Þau eru: Skátafélagið Stígandi í Dalabyggð og Skátafélagið Héraðsbúar á Fljótsdalshéraði.

Afhending skipunarbréfa

Tveir félagsfóringjar fengu afhent skipunarbréf. Þeir eru: Harpa Ósk Valgeirsdóttir félagsfóringi Ægisbúa og Helga Elínborg Guðmundsdóttir félagsfóringi Stíganda.

Úthlutun úr Styrktarsjóði skáta

RS gangan fékk úthlutað 80.000 kr. Baldur Árnason, Segli, tók við styrknum.

Skátafélagið Strókur fékk úthlutað 250.000 kr vegna kaupa á skátaheimili. Karlinna Sigmundsdóttir félagsfóringi tók við styrknum.

Skátasamband Reykjavíkur fékk úthlutað 100.000 kr vegna deiliskipulags Hafravatnssvæðis og 100.000 kr vegna hópeflis/námsferðar félagsfóringja. Helgi Jónsson frkv.stjóri SSR tók við styrkjunum.

Kosning í kjörnefnd og allsherjarnefnd:

Eftirtaldir voru samhljóða kjörnir í kjörnefnd Skátaþings 2008

Jenný Dögg Björgvinsdóttir, stjórn BÍS
Sigurdríf Jónatansdóttir, Heiðabúum
Björg Sigmundsdóttir, Kópum

Eftirtaldir voru samhljóða kjörnir allsherjarnefnd Skátaþings 2008

Bragi Björnsson, stjórn BÍS
Þorvaldur Sigmarsson, Kópum
Dagmar Ýr Ólafsdóttir, Skjöldungum
Ævar Aðalsteinsson, Mosverjum
Rósa Jónsdóttir, Faxe

Kaffihlé. Gert var 20 mín kaffihlé.

Aðalfundi framhaldið:

Niðurstaða kjörnefndar kynnt:

Árbúar – 0
Garðbúar - 2
Hamar – 0
Landnemar – 4
Segull - 2
Skjöldungar - 1
Ægisbúar - 6
Kópar – 7
Vífill - 4
Hraunbúar - 5
Svanir - 1
Mosverjar - 4
Heiðabúar - 1
Skf. Akraness - 3
Skf. Borgarness - 1
Einh/Valkyrjan - 0
Bjarmi - 0
Eilífsbúar - 2
Víkingur - 0
Goðar - 0
Landvættir - 0
Klakkur- 3
Faxi – 1
Fossbúar - 0
Strókur - 2
Melur – 0
Stígandi - 2
Sólheimar - 0
Radíóskátar - 1
Stjórn BÍS:
Margrét Tómasdóttir – 1
Bragi Björnsson – 1
Alfreð Atlason – 1
Hulda Sólrún Guðmundsdóttir – 1
Margrét Vala Gylfadóttir – 1
Jenný Dögg Björgvinsdóttir – 1

SSR - 1

SSN - 1

Tillaga að dagskrá Skátaþings 2008

Lögð fram tillaga að dagskrá Skátaþings 2008 (þingskjal 5)

Til þessa þings var löglega boðað.

Umræður. Til máls tóku: Arnlaugur Guðmundsson Landnemun, Björg Sigmundsdóttir Kópum og Margrét Tómasdóttir skátahöfðingi.

Dagskrá Skátaþings 2008 borin upp til atkvæða. Samþykkt samhljóða.

Skýrsla stjórnar BÍS

Margrét Tómasdóttir, skátahöfðingi kynnti skýrslu stjórnar BÍS sem dreift var til allra þingfulltrúa. Sagði að flest allt hefði verið tíundað í upphafsávarpi sínu og því ætlaði hún ekki að hafa mörg orð um skýrsluna.

Umræður: Til máls tóku: Hermann Sigurðsson Vífli/Svönunum sem ræddi m.a. um Skf. Svani og stuðning BÍS við skátastarf. Vantar eftirfylgni og það að BÍS móti formlegar reglur um úrræði vegna skátafélaga í erfiðleikum. Afhenti stjórn BÍS minnisblað um stuðning BÍS við skátafélag. Þorvaldur Kópum þakkaði aðstoðina frá fararstjórum Jamboree í sumar, en ákveðið atvik kom þar upp sem tekið var mjög faglega á. Hann benti einnig á að „stóru“ félögin gætu aðstoðað þau „minni“ á margan hátt og stuðningur skátafélaga við hvert annað væri af hinu góða.

Ævar Aðalsteinsson Mosverjum ræddi nýja skátadagskrá og útgáfu- og kynningarmál. Afhenti stjórn BÍS ályktanir vegna þeirra mála til afgreiðslu á fundi sínum.

Finnbogi Jónasson, Skf. Klakki, saknaði þess að ekki væri minnst á skíðasamband skáta í skýrslu BÍS. Aðrir sem til máls tóku undir þessum lið voru:

Arnlaugur Guðmundsson Landnemun, Hreiðar Oddsson Kópum og Ásgeir Hreiðarsson Klakki.

Margrét Tómasdóttir skátahöfðingi og Bragi Björnsson aðstoðarskátahöfðingi svöruðu fyrirspurnum og sögðu að ábendingar sem fram hefðu komið yrðu ræddar í stjórn BÍS.

Reikningar BÍS

Alfreð Atlason gjaldkeri stjórnar gerði grein fyrir ársreikningum. (Sjá skýrslu BÍS)

Umræður: Til máls tóku: Arnlaugur Guðmundsson Landnemun, Helgi Grímsson Vífli, Ævar Aðalsteinsson Mosverjum, Hreiðar Oddsson Kópum og Gunnar Atlason Mosverjum.

Ársreikningar 2007 bornir upp til atkvæða.

Samþykktir samhljóða

Fjárhagsáætlun BÍS fyrir árin 2008 og 2009.

Þorsteinn Fr. Sigurðsson framkvæmdarstjóri BÍS lagði fram fjárhagsáætlun 2008 -2009. (Þingskjal 6)

Umræður: Til máls tóku Karlinna Sigmundsdóttir Stróki og Gunnar Atlason Mosverjum.

Fjárhagsáætlun borin upp til atkvæða

Samþykkt samhljóða.

Árgjald til BÍS

Stjórn BÍS leggur til við Skátaþing 2008 að árgjald skátafélaganna til BÍS verði kr. 500,- fyrir hvern starfandi skáta starfsárið 2008 - 2009.

Greinargerð: Stjórn BÍS hefur markað þá stefnu að árgjald skátafélaganna til BÍS lækki árlega um

kr. 100,- á komandi árum þannig að það verði í lok tímabilsins samsvarandi árgjaldi BÍS til WOSM og WAGGGS.

Tillaga stjórnar borin upp til atkvæða

Samþykkt samhljóða.

Starfsáætlun til tveggja ára

Bragi Björnsson kynnti starfsáætlun til næstu tveggja ára (Þingskjal 8)

Umræður: Til máls tóku Gunnar Atlason Mosverjum, Arnlaugur Guðmundsson Landnemun, Ævar Aðalsteinsson Mosverjum og Dagbjört Brynjarsdóttir Mosverjum.

Starfsáætlun borin upp til atkvæða

Samþykkt með einu móttakvæði.

Lagabreytingar

Tillaga stjórnar BÍS til breytinga á 31. grein laga BÍS

Grein 31 með breytingartillögu:

Á vegum stjórnar BÍS starfa ávallt fimm fastaráð: alþjóðaráð, dagskráráð, fjármálaráð, fræðsluráð og upplýsingaráð, hvert skipað fimm skátum að jafnaði, sem skulu vera viðkomandi stjórnarmönnum til ráðgjafar og aðstoðar.

Stjórnarmenn BÍS eru formenn ráðanna. Stjórn BÍS skipar í ráð þessi til eins árs í senn á fyrsta fundi sínum eftir Skátaping. BÍS á aðild að Úlfljótsvatnsráði (ÚVR). ÚVR hefur umsjón með rekstri og uppbyggingu fræðslu- og útlífsmiðstöðvarinnar á Úlfljótsvatni. Í ráðinu sitja 7 menn, þrír tilnefndir af BÍS, þrír tilnefndir af SSR og einn oddamaður tilnefndur af báðum aðilum. Stjórn BÍS tilnefnir 3 fulltrúa í ÚVR til tveggja ára á fyrsta fundi sínum eftir Skátaping annað hvert ár.

BÍS aðild að Minjanefnd skáta. Í henni sitja 6 menn, tveir tilnefndir af BÍS, tveir af SSR og tveir af St. Georgsgildunum á Íslandi. Minjanefnd starfar samkvæmt sérstöku erindisbréfi og skiptir sjálf með sér verkum. Stjórn BÍS tilnefnir fyrir 1. maí ár hvert, fulltrúa til tveggja ára, einn hvert ár. Heimilt er að endurskipa menn.

Greinargerð:

Sú reynsla sem fengist hefur af því fyrirkomulagi að formenn fastaráða BÍS sitji jafnframt í stjórn BÍS hefur verið afar góð. Einnig hefur komið í ljós að það að hafa 5 fulltrúa í hverju ráði er ekki endilega eini rétti fjöldinn. Fjöldi ráðsmanna ræðst nokkuð af þeim verkefnum sem ráðið sinnir á hverjum tíma og getur verið breytilegur frá ári til árs. Stjórn BÍS telur því eðlilegt að geta skipað þann fjölda í hvert ráð sem formaður telur að henti starfsemi ráðsins á hverjum tíma og leggur því til að ekki skuli kjósa fulltrúa í ráðin á Skátapingi, heldur verði þeir skipaðir af stjórn BÍS.

Umræður: Elmar Orri Gunnarsson Landnemun, Gunnar Atlason Mosverjum og Hreiðar Oddson Kópum.

Tillagan dregin til baka af tillöguflytjendum.

Tillaga v/ framlengingar framboðsfrests (þingskjal 10)

Tillögur uppstillingarnefndar til Skátapings 2008:

Stjórn BÍS leggur til við Skátaping 2008 að það heimili uppstillingarnefnd að leggja fram tillögur til uppstillingar samkvæmt framboðum sem fram komu fyrir lok framlengds framboðsfrests hinn 31. mars 2008.

f.h. stjórnar BÍS

Margrét Tómasdóttir

skátahöfðingi

Borin upp til atkvæða

Samþykkt samhljóða.

Ályktun um Landsmót skáta

Stjórn BÍS leggur til að framvegis verði Landsmót skáta á tveggja ára fresti, þannig að árin 2010 og 2012 verði Landsmót skáta á Úlfljótsvatni og síðan árið 2014 á Hömrum.

Greinargerð: Landsmót skáta hafa verið haldin á þriggja ára fresti nú um nokkurt skeið. Fyrirsjáanlegt er að næsta Landsmót skáta árið 2011 mun rekast á World Scout Jamboree sem haldið verður sama sumar í Svíþjóð. Einnig er rétt að hafa í huga að árið 2010 minnst skáta þess að 100 ár eru liðin frá upphafi kvenskátastarfs í heiminum og árið 2012 eru 100 ár liðin frá upphafi skátastarfs á Íslandi. Því er lagt til að tvö ár verði milli landsmóta og að tvö þeirra verði á Úlfljótsvatni á móti hverju einu á Hömrum.

Margrét Tómasdóttir kynnti tillöguna og fór yfir ofanritaða greinargerð.

Breytingatillaga kom frá Skf. Vífli og Skf. Mosverjum:

„Skátaþing leggur til að árið 2010 verði námskeið fálkaskáta á Úlfjótuvatni og landsmót dróttskáta á Hömrum og 100 ára afmælimót árið 2012 á Úlfjótuvatni. Næsta landsmót þar á eftir verði haldið á Hömrum en nánari ákvörðun um tíma verði tekin á skátaþingi 2011.“

Greinargerð með breytingatillögunni: „Landsmót skáta er stór viðburður sem krefst mikils undirbúnings af skátafélögum og BÍS. Of tíð landsmót draga úr vægi mótanna og eftirvæntingu skátanna. Við viljum veglegt afmælimót 2012 og ákveðin hætta er að landsmót 2010 hamli gegn því. Þá ber að hafa í huga að stór erlend skátamót eru árið 2009 og 2011 sem munu taka mikla orku frá hreyfingunni, sérstaklega elsta aldurshópnum. Mörg skátafélög vilja standa fyrir skátaferðum erlendis fyrir sína elstu skáta. Miðað við tillögu BÍS er nánast útilokað fyrir félögin að standa að slíkum ferðum fyrr en árið 2013. Vissulega skiptir máli að skátar eigi öflugar útilífsmiðstöðvar en rekstrarsjónarmið útilífsmiðstöðvanna mega sín minna en þarfir skátanna sjálfra. Allt er breytingum háð og því erfitt að setja allsherjarreglu varðandi landsmót vegna þess alþjóðaðumhverfis sem við störfum í og því er mælt með því að skátaþing 2011 fjalli um nánari tímasetningar landsmóta á öðrum áratug þessarar aldar.“

Umræður: Miklar umræðu urðu um þessar tvær tillögur og til máls tóku: Hreiðar Oddsson Kópum, Guðmundur Björnsson Ægisbúum, Helgi Grímsson Vífli, Þorvaldur Sigmarsson Kópum, Ásgeir Hreiðarsson Klakki, Ása Dröfn Guðbrandsdóttir Garðbúum, Elva Dögg Pálsdóttir Segli, María Guðmundsdóttir Skf. Borgarness, Hjördís Hjartardóttir Skf. Akraness, Gunnar Atlason Mosverjum, Arnlaugur Guðmundsson Landnemun, Margrét Vala Gylfadóttir stjórn BÍS, Jakob Guðnason Hraunbúum.

Gengið til atkvæða:

Breytingatillagan borin upp til atkvæða

32 sögðu nei og 16 sögðu já.

Tillagan felld.

Aðaltillagan borin upp til atkvæða

33 sögðu nei og 22 sögðu já.

Tillagan felld.

Kosningar:

Fjórir fulltrúar í fastaráð BÍS til eins árs:

Alþjóðaráð: Jón Þór Gunnarsson Hraunbúum, Ragnheiður J. Grétarsdóttir Skjöldungum, Dagmar Ýr Ólafsdóttir Skjöldungum og Karl Njálsson Heiðabúum.

Fræðsluráð: Unnur Ósk Unnsteinsdóttir Segli, Ragna Rögnvaldsdóttir Ægisbúum, Hreiðar Oddsson Kópum, Ásgeir Ólafsson Hraunbúum.

Dagskráráð: Elsí Rós Helgadóttir Mosverjum, Henry Hálfdánarson, Radióskátum, Ingólfur Már Grímsson Hraunbúum, Dagbjört Brynjarsdóttir Mosverjum.

Upplýsingaráð: Einar Elí Magnússon Fossbúum, Andrea Margrét Gunnarsdóttir, Haförnum, Ása Guðbrandsdóttir Garðbúum, og Guðni Gíslason Hraunbúum.

Fjármálaráð: Guðjón Ríkharðsson Ægisbúum, Tómas Grétar Ólason Kópum, Sigrún Jónsdóttir Dalbúum og Ásta Ágústsdóttir Dalbúum.

Uppstillingarnefnd 2 fulltrúar til tveggja ára

Kristín Bjarnadóttir Landnemun og Sigurður Júlíus Grétarsson Skjöldungum.

Endurskoðendur til eins árs

Sigurpór Ch. Guðmundsson, löggiltur endurskoðandi KPMG og Auður Búadóttir, skoðunarmaður, Garðbúum.

Skátaréttur, tveir meðlimir til þriggja ára

Kristinn Hallgrímsson hrl., Landnemun og Ásta B. Björnsdóttir, Mosverjum.

Formaður Upplýsingaráðs (fastaráð) til þriggja ára

Benjamín Axel Árnason Árbúum.

Þar sem ekki bárust fleiri framboð eru ofangreindir rétt kjörnir.

Aðstoðarskátahöfðingi til þriggja ára

Bragi Björnsson, aðstoðarskátahöfðingi, Ægisbúum og Guðvarður B. F. Ólafsson Hraunbúum.

Frambjóðendur kynntu sig og fluttu framboðsræður.

Kosningar: Bragi Björnsson 35 atkvæði. Guðvarður B.F. Ólafsson 20 atkvæði. Auðir seðlar 6.

Bragi Björnsson er því réttkjörinn aðstoðarskátahöfðingi til næstu þriggja ára

Bragi þakkaði stuðninginn og kvaðst ætla að leggja sig allan fram um að stuðla að eflingu skátastarfs í landinu.

Önnur mál

*Örvar Ragnarsson Kópum – staðarhaldari á Úlfhljótsvatni sagði að menn sem væru að undirbúa Landsmót skáta þyrftu að halda vöku sinni. Því vildi hann færa staðarhaldara á Hömrum gjöf sem stuðlaði að þessu. Afhenti þeim landnámskana sem gólaði hátt fyrir þingheim.

*Arnór Arnórsson Svönum ræddi Skf. Svani.

*Hreiðar spurði um heiðursmerki/starfsaldursmerki. Einnig hvornig félagar í aflögðum skátafélögum geti tekið sæti í nefndum og ráðum BÍS.

* Þór Ólafur Hammer Stróki þakkaði Ægisbúum aðstoðina við félagið sitt. Einnig þakkaði hann styrkinn frá Styrktarsjóðnum og BÍS vegna aðstoðar í viðræðum við bæjarstjórn Hveragerðis. Sagði þau bjartsýn í Hveragerði og að þau stefndu að því að fjölmenna á Landsmót.

*Baldur Árnason Segli og Elmar Orri Gunnarsson Landnemum ræddu Rowerway. Leituðu eftir hugmyndum. Sögdust vera með kynningu á Akureyri á morgun (6. apríl) og 14. apríl í Reykjavík.

* Júlíus Aðalsteinsson BÍS ræddi um starfsemi Svana og aðstoð BÍS til þeirra. Þá sagði hann vera misskilning að Starfsmerki, Þjónustumerki og Heiðursmerki væru það sama. Starfsmerki geta félögin veitt öllum sem starfað hafa í félaginu í 5 – 10 – 15 – 20 – 25 – 30 ár o.s.frv. óháð aldri skátanna. Þjónustu- og heiðursmerki væru afhent samkvæmt reglugerð. Hvatti félögin til að kynna sér þessi mál.

* Hjördís Hjartardóttir Skf. Akraness sagði dagskrá aðalfundar sniðinn of þröngur stakkur og því gæfist lítill tími til kynna milli félaganna. Skátaping á að stuðla að lýðræðislegum vinnubrögðum.

*Jakob Guðnason Hraunbúum minnti á Vormót Hraunbúa 6. – 8. Júní.

*Elmar Orri Gunnarsson minnti á Landnemamót 20. – 22. júní.

*Aðalsteinn Þorvaldsson BÍS sagði frá RS Vetrarlífi. Hvatti félögin eindregið til að senda þátttakendur á þennan viðburð. Minnti á að í fyrra hefði hann fallið niður vegna lélegrar þátttöku og að það mætti ekki gerast aftur.

*Fundarstjóri þakkaði þingheimi fundinn og afhenti skátahöfðingja fundinn.

Fundi slitið

Margrét Tómasdóttir skátahöfðingi þakkaði þingheimi fyrir daginn. Margir hefðu komið skoðunum sínum á framfæri og það væri mjög gott. Stjórn BÍS mun fara yfir málin á fundum sínum og einnig skipulagningu Skátapings. Hún óskaði skátum velfarnaðar í starfi og sleit aðalfundi BÍS kl. 16:50. Að loknum aðalfundi tók við málefnavinna Skátapings.